

Bæjarstjórn Vesturbyggðar. Hafna og atvinnuráð Vesturbyggðar.

Efni: Opið bréf vegna úthlutun byggðakvóta til Brjánslækjarhafnar.

17.jan. 2022

Undirritaðir útgerðaraðilar smábáta í Brjánslækjarhöfn mótmæla harðlega ákvörðunum bæjarstjórnar Vesturbyggðar og atvinnuráðs Vesturbyggða sem undanfarin ár hafa sýslað með byggðakvóta Brjánslækjarhafnar (gamla Barðastrandarhrepps) þar sem sveitarfélagið hefur ekki sótt um undanþágu fyrir vinnsluskyldu byggðarkvótans þar undanfarin ár og þannig í raun komið í veg fyrir að íbúar og eigendur smábáta þessa gamla byggðalags gætu nýtt sér þennan byggðakvóta. Byggðakvótinn hefur þannig fallið niður undanfarin ár vegna þvermóðsku Vesturbyggðar sem hefur þannig í raun komið í veg fyrir að íbúar byggðarlagsins gætu nýtt sér byggðakvóta sem sérstaklega var úthlutað til byggðarlagsins og hafa íbúar þar þannig ekki haft neina aðkomu að byggðarkvótanum, hvorki með veiðum löndun né umsýslu aflans.

Helstu rök sveitarstjórnarmanna Vesturbyggðar hafa ætíð verið að óheimilt sé að úthluta byggðakvóta nema hann sé unnin í fiskvinnslu þ.e. ef fiskvinnsla sé starfrækt í sveitarfélaginu. Þeir sem kynnt hafa sér málið vita þó að önnur sveitarfélög hafa fengið undanþágu frá þessu ákvæði þó fiskvinnsla sé starfrækt innan sveitarfélags, t.d. á það við um sveitarfélagið Skagafjörð en þar er starfrækt fiskvinnsla.

Niðurstaðan er sú að að sveitarstjórnarmenn í Vesturbyggð hafa tekið hagsmuni fiskvinnslunnar á Patreksfirði fram yfir hagsmuni íbúa gamla Barðastandahrepps og er það með öllu óásættanlegt.

Forsvarsmenn útgerða í Brjánslækjarhöfn óska eftir að bréf þetta verði tekið fyrir við umfjöllun hafna og atvinnuráðs Vesturbyggðar þann 17. Jan. 2022. og við umfjöllun bæjarstjórnar Vesturbyggðar í framhaldi af því.

Áratog ehf.
Ísöld útgerð ehf.
Norðankaldi slf.
Pristur BA-5 ehf.
Svartfugl ehf.